

# Flokkun og merking efna og efnablandna

Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, svonefnd CLP reglugerð, tók fullt gildi hér á landi þann 1. júní 2015. Hún innleiðir CLP reglugerð Evrópusambandsins nr. 1272/2008. Tilgangur þessara reglugerða er að tryggja örugga heilsu- og umhverfisvernd, auk þess að stuðla að frjálsu flæði efna og efnablandna á milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins.



## Markaðssetning efnavöru

CLP stendur fyrir „Classification, Labelling and Packaging of substances and mixtures” og er um að ræða útfærslu Evrópusambandsins á hnattsamræmdu kerfi Sameinuðu þjóðanna á flokkun og merkingu efna og efnablandna. Markmiðið með reglugerðinni er að efni og efnablöndur verði flokkuð og merkt á sama hátt alls staðar innan Evrópska efnahagssvæðisins og að þannig sé miðlað upplýsingum um mögulega hættu sem stafar af notkun efna og efnablandna, til verndar starfsmönnum, neytendum og umhverfi.

Með CLP reglugerðinni færst ábyrgð á flokkun efna og efnablandna frá yfirvöldum til atvinnulífsins. Eingöngu má markaðssetja efni og efnablöndur ef búið er að flokka þau samkvæmt CLP eða staðfest hefur verið að þau séu ekki hættuleg, en þá á flokkun ekki við. Öll efni og allar efnablöndur sem eru settar á markað og hafa eiginleika sem gera þau hættuleg skal flokka og merkja samkvæmt CLP.


## Merkingar

Efni eða blanda, sem flokkast sem hættuleg, skal bera merkingar á umbúðum þar sem aftirtalin atriði koma fram:

- Nafn, heimilisfang og sími birgis eða birgja
- Magn efnis eða blöndu
- Vörukenni
- Hættumerki
- Viðvörunarorð
- Hættusetningar
- Varnaðarsetningar
- Viðbótarupplýsingar ef þurfa þykir

Hættumerkingar hérlandis skulu koma fram á íslensku. Ef notaður er merkimiði hérlandis er ekki nauðsynlegt að prenta hættumerkin sjálf, svo lengi sem þau eru vel sýnileg á umbúðum frá erlendum birgi. Jafnframt ber að gæta þess að íslenski merkimiðinn sé ekki límdur yfir aðrar mikilvægar upplýsingar sem fyrir eru á umbúðunum.

Hér fyrir neðan má sjá dæmi um íslenskan merkimiða sem inniheldur þau atriði sem koma þurfa fram samkvæmt CLP. Hættu- og varnaðarsetningar eru staðlaðar og lista yfir þær á íslensku má finna á <http://www.ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking/merkingar-og-umbudir/>.



\* Vörukenni fyrir blöndu skal innihalda viðskiptaheiði eða heiti blöndunnar. Jafnframt þarf að auðkenna efni í blöndunni ef þau hafa áhrif á flokkun hennar varðandi eftirfarandi þætti: Bráð eiturhrif, húðætingu eða alvarlegan augnskaða, stökkbreytandi áhrif á kimfrumur, krabbameinsvaldandi áhrif, eiturhrif á æxlun, næmingu öndunararfæra eða húðnæmingu, sértæk eiturhrif á marklífðfæri (SEM) eða ásvelgingarhættu.